



# BRÝNJÓÐ



13.árg. 2.tbl. Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð nóv. 2008

## Frá formanni:

Ágætu félagar

Nú líður að næsta aðalfundi, þar sem tækifæri er til að líta um öxl og sjá hvað unnist hefur og eins að horfa fram á veginn.

Félagið var með vorsýningu og eins þátttakandi í Handverkshátíðinni að Hrafnagili í Eyjafirði. Reynt var að nota tækifærið og kanna hug fólks til tréskurðar og væntingar. Það sem helst kom fram var að við þurfum að gera okkur meira sýnileg. “Það vantar teikningar, meiri fróðleik, vantar leiðbeinendur út á land o.s.frv.” Það er því ljóst að verkefni eru ærin og frekar spurning hvar á að byrja.

Verkefni næsta starfsárs verður m.a. í því formi að virkja betur Brýnið og efla það t.d. með því að hafa þar myndir af skurðverkum, fólki og fróðleik.

Það ætti einnig að vera verkefni félagsins að halda fræðslufundi t.d. í áþekku formi og Opið hús. Möguleiki er á að fá inni hjá Heimilisiðnaðarfélaginu til þess.

Formaður hefur reynt að komast í samband við leiðbeinendur í tréskurði en það hefur ekki gengið nógu vel. Margir leiðbeinendur t.d. hjá eldri borgurum telja sig frekar vera til aðstoðar og til eru dæmi um að það sé einhver hópur að störfum en enginn sem heldur sérstaklega utan um hópinn.

Af ofanrituðu má ljóst vera að ekki er verkefnaskortur en bíða verður aðalfundar svo hægt sé að taka ákvörðun um næstu skref á lýðræðislegan hátt.

Með bestu kveðjum

Sigurjón

## Aðalfundur:

**Aðalfundur FÁT verður þriðjudaginn 25. nóvember 2008 kl. 20 að**

Nethyl 2e Reykjavík

(Græn hús rétt hjá Árbæjarsafni. Húsnaði Heimilisiðnaðarfélags Íslands)

Venjuleg aðalfundarstörf

Lagabreytingar

Félagsmenn eru hvattir til að mæta.

## Opið hús:

Næsta opna hús verður **laugardaginn 13. Desember kl. 10**, og sem fyrr að **Hólshrauni 5 í Hafnarfirði**.

Þema dagsins er **tréskurður tengdur jólum**. Félagsmenn kvattir til að koma með skurðverk sín og skapa þannig umræður.

Athugið að stefnt er að því að hafa **Opið hús alltaf annann laugardag í mánuði** og því hægt að ganga út frá því sem vísu(trúlega fellur það þó niður í apríl vegna Páska).

## Stækka / minnka eftir fyrirmynd



Þegar stækka á eða minnka skurðverk miðað við fyrirmynd er það tiltölulega auðvelt ef um teikningu er að ræða. Hægt er að setja teikninguna í ljósritunarvél og minnka eða stækka.

En ef breyta á stærð eftir þrívíðri fyrirmynd vandast málið. Það sem gera þarf í upphafi er að ákveða hversu mikið á breyta og setja það í prósentu, þ.e. ætla ég að stækka um 15% eða minnka um 20%. Hægt er að nota málband og mæla fyrirmynd og umreikna síðan. Einnig eru til sérstök áhöld sem auðvelda. Með nútímataekni er einnig hægt að taka mynd af fyrirmyndinni – frá öllum hliðum og færa það inn í tölvu og vinna þar að stækkun eða minnkun. Hér er þó eins og áður spurning um æfingu og þjálfun.

Á myndinni er „Davíð konungur“ stækkaður og skorinn eftir mælingum en ekki gert með tölvutækni. Viðurinn er íslenskt birki.

## Brýnið

Fréttablað Félags áhugamanna um tréskurð  
Fannarfold 235,

112 Reykjavík.

Heimasíða:

<http://www.listalind.is/treskurdur>

Ritstj. og ábm. Anna Lilja Jónsdóttir